Ævintýri

Texti: Pálmar Ólason

Lag: Virgilio Panzuti

Meyja, nú ævintýr skal ég þér segja,
Um þig.
Forlögin þér vilja gæfu og yndi gefa
Grát þinn mun sefa, hlustaðu á
Sem heillastjörnur þínar segja frá.

Við þína hlið sjórinn sefur.
Þig sólskinið örmum vefur.
Í eyrum þér hlý golan kveðuröll sín
Kvæði
Og kaldurnorðanstormur lætur þig í
Næði.

Ef máninn skin milli skýja
Skimar til þín, vill þér hlýja.
Þú getur nótt sem dag um ferðast
Alltaf ein,
Þér enginn virðist vilja gera mein.

Söngfuglar vorsins fljúga beint til þín,
Þeir flytja þér öll beztu ljóðin sín.
Regndropar leika sér við lokka þína.
Lífsins gæfa ey dvín.

Við þína hlið sjórinn sefur
Þig sólskinið örmum vefur.
En þannig ævintýrið góðan endi fær
Ef eiga vildir þú mig fagra mær.

Höfundaskráning: https://skifan.is/FrekariUppl.asp?fmID=TD17

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.